


**Byggingarlýsing f/ Hjallahraun 15:**

Staðgreinir: 37600150. Landnúmer: 120877.

**Umsókn um byggingarleyfi fyrir:**
Utanhúss - nýjum þakkanti og nýrri klæðningu. Skilti sambærileg við fyrri skilti að viðbættu nýju logo-i Taco Bell.

Innanhúss - nýtt stigaop frá matsal 1. hæðar og niður í nýjann matsal í kjallara. Flóttaleið frá matasal kjallara að útgangi við norðurgafl.

**Hlutverk:**
Í byggingunni í dag er og verður veitingaaðstaða með Kentucky Fried kjúklingarétti að viðbættum Taco Bell mexikónskum réttum.
Starfsmannafjöldi á vakt: 8 pers.

**Lýsing:**
Byggingin er á tveimur hæðum og hýsir veitingasall, eldhús og afgreiðslu til neyslu matar á staðnum auk þess að afgreiða um bílalúgu, aðstöðu starfsfólks ásamt kælum, frystum og vörugeymslu.
- Byggingin stendur á steyptum sökkli. Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri fyllingu.
- Byggingin er úr járnbentri steinsteypu, einangruð að innan. Ytra útlit er pússað og málað í dökkum lit með framstæðum láréttum trélistum og lituð álklæðning að hluta. Litir álklæðningar rauður og silfur.
- Þak er reist söðulþak.
- Gluggar og hurðir eru ál-tré. Settir í eftir á. Gler í gluggum er tvöfalt einangruanrgler. K-gler.
- Klæðningar innanhúss verða í FL.1.
- Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, sjá grunnmyndir.
- Inntak veitna, hita, neysluvatns og rafmagns er í kjallara, sjá grunnmynd.
- Innveggir eru gifsplötuveggir með stálstoðum og hlaðnir úr vikursteini.
- Sorpgeymsla er á norðugafli byggingar.
- Frágangur lands á lóðarmörkum og bílastæði er óbreytt.
- Frysti- og kæliklefar eru úr stöðluðum og viðurkenndum einingum.

**Loftræstimál:**
Öll rými sem ekki hafa opnanleg gluggafög eru vélrænt loftræst, sjá grunnmyndir ( Lr). Loftræstisamstaða er í risi.

**Einangrun:**
Botnplata er einangruð með 75 mm einangrunarplasti.
Veggir sökkla eru einangraðir 500 mm niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti.
Útveggir eru einangraðir að innan með 100 mm steinull.
Þak er einangrað með 200 mm þakull.
Í gluggum er tvöfalt einangrunagler, 12 mm loftrúm á föstum gluggum en 9 mm loftrúm á opnanlegum gluggafögum og hurðum. Uppfylla skal 'IST-66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta.

**Eldvarnir:**
Eldhús og matsalur á 1. hæð eru aðskilin frá starfsmannaaðstöðu með EI60 veggjum og EICS-30 hurð. Sama á við um vegg og hurð á milli matsalar í kjallara og stoðrýma og geymslusvæðis og annarra stoðrýma. Allar klæðningar verða í flokki 1.
Í húsinu skal vera viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð. Út og neyðarlýsing verða skv. ÍST EN 1838 og EN 50172. Handslökkvitæki verða sett upp í samráði við Eldvarnareftirlitið. Sjálfvirkt slökkvikerfi í háfum. Brunaslanga (30m) staðsett við forrými snyrtinga. Flóttaleið frá matsölum verður með paniksiá skv. ÍST EN 1125.

**Skilti:**
Skilti skulu vera skv. sammþykkt um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar.

Stærðir:

| | |
|---|---|
| Lóð: | 3909,4 m2 |
| Heildar flatarmál byggingar: | 747,0m2 |
| Heildar rúmmál byggingar: | 2691,9 m3 |
| Nýtingarhlutfall: | 0,19 |

Sjá nánar skráningartöflu.

Bílastæði:

| | |
|---|---|
| Bílastæði á lóð: | 81. |

Af bílastæðum á lóð eru tvö ætluð hreyfihömluðum.
**Bílastæði eru óbreytt.**

Sampykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs
21. nóv. 2006
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

ÁSKILIÐ, SJÁ BÓKUN

24.10.2006
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| | | | |
|---|---|---|---|
| A | 24.10.06 | viðbætur í texta | ms |

KFC Ísland
Verkkaupi — Dags. Samþ.

Umsjón
**PK ARKITEKTAR**
Lynghals 4, 110 Reykjavík
s. 551 80 50 fax 551 80 77
www.pk.is pk@pk.is

# KFC HF

AÐALTEIKNING
Verkþáttur

04.09.06 — Dagsetning
1:500 — Mælikvarði
MS — Teiknað
Samþykkt

AFSTÖÐUMYND — Teikning sýnir
(99)1.02 — Teikning nr.
A — Breyting

HJALLAHRAUN NR. 15